

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2024
UST202401-207/S.A.J.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Vinnsluhola NJ-34 við Nesjavallavirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Orka Náttúrunnar áformar borun uppbótar vinnsluholu, holu NJ-34, í þeim tilgangi að viðhalda vinnslugetu Nesjavallavirkjunar. Borhola NJ-34 verður innan iðnaðarsvæðis, I1 Nesjavallavirkjun, samkvæmt Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Fram kemur í tilkynningarskýrslu að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins.

Nesjavallavirkjun er staðsett norðan við Hengil og sunnan við Þingvallavatn. Nesjavellir eru hluti af Hengilsháhitavæðinu sem liggur á flekamótum og er virkt eftir því.

Virkjunarsvæðið er innan eða nálægt svæðum sem bundin eru ýmsum verndarákvæðum og þykja mikilvæg vegna náttúrufars. Virkjunin er innan vatnasviðs Þingvallavatns, sem er verndað með lögum nr. 85/2005, og nálægt svæðum á C - hluta náttúruminjasrár. Þá eru þrjú hverfisvernduð svæði upp við iðnaðarsvæðið samkvæmt aðalskipulagi auk vatnsverndar.

Í matskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og líklegum umhverfisáhrifum vegna þeirra. Umhverfisþættir sem teknir eru fyrir eru jarðhitageymir, lífríki, hljóðvist, loftgæði og loftslag, útivist og ferðaþjónusta, jarðmyndanir, fornleifar, landslag og ásýnd, skjálftavirkni, vatnshlot og vatnsverndarsvæði.

Vatnamál

Í kafla 5.8 er fjallað um þau vatnshlot sem framkvæmdin kann að hafa áhrif á, umhverfismarkmið þeirra, ástand og lagt mat á áhrif framkvæmdanna á vatnshlotin. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá vatnaáætlun og vatnavefsjá vatnamála).

Eins og tilgreint er í matskyldufyrirspurninni er óvissa hvort Þingvallavatn nái umhverfismarkmiðum sínum og er unnið að frekari vöktun m.a. til að varpa ljósi á vistfræðilegt ástand vatnsins. Einnig er fjallað um mótvægisáðgerðir sem gripið hefur verið til til að draga úr hita og efnamengun vegna Nesjavallavirkjunnar. Mikilvægt er að vinna markvisst áfram að þeim mótvægisáðgerðum og að vakta áhrif starfseminnar á

vatnshlotin sem hún kann að hafa áhrif á. Einnig skal huga vel að eftirliti með losun skolvatnsins í fráveitu og að virkni sandskilja og pyttis fyrir skiljuvatnið sé sem skyldi.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun álitur að vel sé fjallað um framkvæmdina í matskyldufyrirspurn og framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa það umfangsmikil áhrif á umhverfi að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Halla Einarsdóttir

teymisstjóri